

**Tillögur nefndar um uppbyggingu heilbrænnar  
öldrunarþjónustu í Hafnarfirði**

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið  
febrúar 2006**

**Efnisyfirlit**

<b>Samantekt og helstu tillögur</b> .....	<b>3</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>4</b>
<b>1 Lýsing á þjónustu við aldraða í Hafnarfirði</b> .....	<b>6</b>
1.1 Félagsleg heimaþjónusta.....	6
1.2 Heimahjúkrun .....	6
1.3 Heilsueflandi heimsóknir.....	6
1.4 Mat á húsnæði og breytingar á húsnæði .....	7
1.5 Félagsstarf í félagsmiðstöðvum .....	7
1.6 Mötuneyti og heimsendur matur.....	7
1.7 Almenn dagvist.....	7
1.8 Dagvist fyrir minnissjúka .....	7
1.9 Hvíldarinnlagnir .....	7
1.10 Iðjuþjálfun .....	8
1.11 Sjúkraþjálfun .....	8
1.12 Akstursþjónusta .....	8
1.13 Öryggishnappar .....	8
1.14 Íbúðir fyrir aldraða.....	8
1.15 Stofnanir fyrir aldraða í Hafnarfirði.....	8
<b>2 Niðurstöður kannana meðal aldraðra í Hafnarfirði</b> .....	<b>9</b>
2.1 Helstu niðurstöður könnunar meðal aldraðra í bið eftir stofnavist.....	10
2.2 Helstu niðurstöður könnunar meðal aldraðra á Hrafnistu og Sólvangi.....	11
2.3 Rýnihóparannsókn .....	12
2.4 Könnun á viðhorfum.....	13
<b>3 Umræður og ábendingar</b> .....	<b>14</b>
3.1 Þjónusta við aldraða sem búa heima.....	14
3.2 Öldrunarstofnanir.....	16
3.3 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta og stofnanaþjónusta fyrir aldraða.....	17
<b>4 Tillögur að verkefnum til lengri og skemmri tíma til að byggja upp heildstæða öldrunarþjónustu í Hafnarfirði</b> .....	<b>19</b>
4.1 Aðgerðir vegna fækkunar rýma á Sólvangi .....	19
4.2 Uppbygging þjónustu til að styðja sjálfstæða búsetu aldraðra.....	19
4.3 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta og stofnanaþjónusta fyrir aldraða.....	21
4.4 Miðstöð öldrunarþjónustu í Hafnarfirði.....	21
4.5 Undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis samkvæmt nýrri hugmyndafræði.....	22
<b>Fylgiskjal 1</b> .....	<b>23</b>
<b>Fylgiskjal 2</b> .....	<b>24</b>
<b>Fylgiskjal 3</b> .....	<b>27</b>

## Samantekt og helstu tillögur

Tillögur nefndar um uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði eru byggðar á mati nefndarinnar á stöðu öldrunarmála í sveitarfélaginu. Tillögurnar taka mið af markmiðum laga um málefni aldraðra og íslenskrar heilbrigðisáætlunar til ársins 2010 og varða jafnt uppbyggingu þjónustu á vegum bæjarfélagsins og ríkisins. Sumum þeirra er unnt að hrinda í framkvæmd nú þegar eða fljótlega án langs aðdraganda en aðrar krefjast mikillar skipulagningar og undirbúnings áður en þær komast á framkvæmdastig.

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir helstu tillögum nefndarmanna sem fram koma í skýrslunni og er þeim skipt í eftirtalda fimm flokka eftir markmiðum þeirra og eru allmargar tillögur undir hverjum flokki:

- Aðgerðir vegna fækkunar rýma á Sólvangi
- Uppbygging þjónustu til að styðja sjálfstæða búsetu aldraðra
- Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta og stofnanarþjónusta fyrir aldraða
- Miðstöð öldrunarþjónustu í Hafnarfirði
- Undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis samkvæmt nýrri hugmyndafræði

Tillögur í fyrsta flokknum miða að því að leysa brýnan vanda vegna fækkunar rýma á Sólvangi og snúast þær um að tryggja Hafnfirðingum tímabundinn forgang að hjúkrunarrýmum á Vífilsstöðum og Hrafnistu í Hafnarfirði, samhliða því að 10 dvalarrýmum á Hrafnistu verði breytt í hjúkrunarrými.

Flestar tillögur eru í þeim flokki sem lýtur að uppbyggingu þjónustu til að styðja sjálfstæða búsetu aldraðra, enda er það ein af meginniðurstöðum nefndarinnar að leggja skuli kapp á að byggja upp og efla þann þátt öldrunarþjónustu.

Nefndin leggur í tillögum sínum áherslu á að heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta verði samþætt með sameiginlegri faglegri stjórn jafnframt því að tekið verði upp RAI-HomeCare við mat á þörf hinna öldruðu fyrir heimahjúkrun og heimaþjónustu. Þá verði heimahjúkrun veitt allan sólarhringinn eftir þörfum og lagt er til að heilsugæslan efla öldrunarþjónustu enn frekar, m.a. með heilsuefandi heimsóknum, vitjunum heimilislækna og aðkomu iðjuþjálfna að þjónustunni.

Lagt er til að St. Jósefsspítali, Sólvangur fái fjögur rúm fyrir hvíldarinnlagnir til ráðstöfunar árið um kring og jafnframt að metin verði þörf fyrir fjölgun almennra dagvistarrýma. Aðrar tillögur í flokki þeirra sem ætlað er að styðja sjálfstæða búsetu aldraðra snúa að almennum stuðningi og þjónustu s.s. að auka útbreiðslu öryggishnappa, tryggja öldruðum möguleika á heimsendum mat alla daga vikunnar eftir þörfum, efla akstursþjónustu o.fl.

Loks leggur nefndin áherslu á að komið verði á fót upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða í Hafnarfirði þar sem aldraðir og aðstandendur þeirra geta fengið á einum stað allar helstu upplýsingar um þjónustu við aldraða, hvert eigi að leita hennar, ásamt upplýsingum um ýmis réttindamál, fjármálaráðgjöf o.fl. Þessi tillaga byggist á þeirri skoðun að vönduð og aðgengileg

upplýsingagjöf sé grundvöllur þess að tryggja öldruðum þá þjónustu sem þeir þurfa helst á að halda.

Lagt er til að komið verði á fót miðstöð öldrunarþjónustu í Hafnarfirði þar sem verði komið fyrir sem flestum þáttum er varða þjónustu við aldraða sem búa heima. Nefndin leggur til að skoðað verði hvort húsnæði Sólvangs geti nýst undir slíka miðstöð í framtíðinni.

Lagt er til að byggð verði upp sérhæfð sjúkrahús- og stofnanþjónusta fyrir aldraða í Hafnarfirði og kannaður grundvöllur þess að stofna öldrunarlækningadeild við St. Jósefsspítala, Sólvang byggða á teymisvinnu sérhæfðs starfsfólks á sviði öldrunar í nánú samstarfi við öldrunarsvið Landspítala-háskólasjúkrahús. Tillagan byggist á því að æskilegt sé að efla nærþjónustu við aldraða á sem flestum sviðum og að St. Jósefsspítali, Sólvangur í Hafnarfirði geti sinnt slíkri þjónustu í framtíðinni þannig að það falli vel að starfsemi hans og geti verið mikilsverður stuðningur við aldraða sem búa heima og við öldrunarstofnanir í Hafnarfirði og nágrennasveitarfélögunum.

Lagt er til að sem fyrst verði hafinn undirbúningur að byggingu hjúkrunarheimilis í Hafnarfirði samkvæmt nýrri hugmyndafræði þar sem skipulag húsnæðis og þjónustu mótast af áherslu á sjálfstæði og sjálfræði hinna öldruðu. Nefndin leggur áherslu á að uppbygging hjúkrunarrýma til framtíðar þurfi að mótast af framsýni og taka mið af breyttum viðhorfum og fyrirsjáanlegri þróun og væntingum til þessa málaflökks á næstu árum og áratugum.

Nefndarmenn vona að meðfylgjandi skýrsla, ásamt tillögum komi að góðum notum við ákvarðanir og áætlanagerð við uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði.

## Inngangur

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skipaði með bréfi dagsettu 31. október 2005 nefnd til að gera tillögur um uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði í samvinnu við bæjaryfirvöld þar. Í nefndina voru skipuð Vilborg Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri öldrunarmála í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, formaður, Árni Sverrisson, framkvæmdastjóri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarfulltrúi, Almar Grímsson, varabæjarfulltrúi, Hermann Bjarnason, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og Margrét Erlendsdóttir, deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem starfsmaður nefndarinnar.

Um starf nefndarinnar segir í skipunarbréfi:

*„Nefndinni er ætlað að fara yfir stöðu öldrunarmála, meta þörf fyrir öldrunarþjónustu í Hafnarfirði og byggja tillögur sínar á því mati. Skulu tillögurnar annars vegar ná til brýnna verkefna sem hægt væri að leysa innan eins árs og hins vegar tillögur er líta að uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði til allt að tíu ára.*

*Nefndinni er ætlað að skila ráðherra niðurstöðum sínum þann 1. febrúar 2006. Skal nefndin skila stuttri greinargerð um hverja tillögu með rökstuddu mati á því hvernig tillagan falli að áherslum laga um málefni aldraðra ásamt því að raða tillögum í forgangsröð eftir mikilvægi þeirra að mati nefndarmanna.”*

Í upphafi starfs var ákveðið að nálgast viðfangsefnið með því að afla upplýsinga um alla þætti öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Leitað var skriflegra upplýsinga hjá þjónustuaðilum jafnframt því sem efnt var til tveggja langra vinnufunda þar sem boðaðir voru fulltrúar stofnana, félaga og samtaka sem að málaflökkinum koma.<sup>1</sup> Einnig var ráðist í gerð kannana á aðstæðum aldraðra í Hafnarfirði, annars vegar meðal Hafnfirðinga á öldrunarstofnununum Sólvangi og Hrafnistu og hins vegar meðal aldraðra í bið eftir dvalar- eða hjúkrunarrými samkvæmt vistunarskrá í janúar 2006.

Auk fyrrnefndra kannana naut nefndin góðs af niðurstöðum tveggja nýrra kannana sem Gallup vann fyrir Hafnarfjarðarbæ og ráðist var í m.a. vegna vinnu nefndarinnar. Annars vegar rýnihópakönnunar sem gerð var í desember 2005 með það að markmiði að skoða hagi aldraðra í Hafnarfirði eins og þeir eru í dag og greina þarfir eldri borgara í Hafnarfirði á komandi árum og hins vegar viðhorfskönnunar þar sem 657 Hafnfirðingar, 50 ára og eldri, svöruðu 28 spurningum er varða þjónustu við eldri fólk, félagsstarf og félagslíf, samskipti við ættingja og vini, heilsufar, húsnæðisaðstæður o.fl.

Á lokastigi nefndarstarfsins var leitað álits nokkurra sérfræðinga og stjórnenda í öldrunarþjónustu á hugmyndum og tillögum nefndarinnar.

Eins og tillögur nefndarinnar bera með sér grundvallast heildstæð öldrunarþjónusta á samstarfi heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins og þar með á aðkomu og náinni samvinnu heilbrigðisyfirvalda og viðkomandi sveitarfélags. Tillögurnar beinast því jöfnum höndum að bæjaryfirvöldum í Hafnarfirði og heilbrigðisyfirvöldum.

---

<sup>1</sup> Sjá fylgiskjal 1. Listi yfir stofnanir, félög og samtök sem áttu fulltrúa á fundum nefndarinnar.

## 1. Lýsing á þjónustu við aldraða í Hafnarfirði

Íbúar Hafnarfjarðar eru 22.451 (1. des. 2005) Af þeim hópi eru tæpir 1.900 íbúar 67 ára eða eldri, þ.e. 8,4% Hafnfirðinga.

	Fjöldi aldraðra í Hafnarfirði og hlutfallsleg skipting eftir aldurshópum					
	2005	%	2015	%	2025	%
67-70 ára	447	24,0%	630	28,5%	854	28,5%
71-75 ára	502	27,0%	534	24,2%	840	28,0%
76- 80 ára	417	22,4%	431	19,5%	641	21,4%
81-85 ára	267	14,3%	315	14,2%	341	11,4%
86-90 ára	145	7,8%	191	8,6%	194	6,5%
91+	83	4,5%	110	5,0%	130	4,3%
<b>Samtals</b>	<b>1.861</b>	<b>100%</b>	<b>2.211</b>	<b>100%</b>	<b>3.000</b>	<b>100%</b>

Heimild: Hagstofa Íslands

### 1.1 Félagsleg heimaþjónusta

Árið 2004 veitti félagsþjónustan í Hafnarfirði heimaþjónustu inn á 373 heimili. Þar af var heimaþjónusta veitt 263 eldri borgurum. Af þeim voru um 175 einstaklingar eldri en 80 ára og um 88 þeirra voru á aldrinum 67-79 ára. Eftir fyrstu beiðni um heimilisþjónustu er jafnan byrjað með aðstoð hálfsmánaðarlega í þrjár til fjórar klukkustundir í senn. Þurfi viðkomandi meiri þjónustu fær hann aðstoð vikulega í 2-3 tíma í senn og einnig er bætt við reglulegu innliti, c.a. 30 mínútur, sé talin þörf á því. Heimaþjónustan er alla jafna veitt á daginn. Dæmi eru þó um kvöld og helgarþjónustu og einnig að sami einstaklingur fái þjónustu alla daga vikunnar frá fjórum upp í átta tíma. Samkvæmt upplýsingum frá þjónustuhópi Hafnarfjarðar þyrfti kvöld- og helgarþjónusta að vera meiri og markvissari. Þá kemur fram að erfitt er að manna daglega heimaþjónustu en við hana störfuðu árið 2004 28 starfsmenn í 17,23 stöðugildum. Gjald er innheimt fyrir félagslega heimaþjónustu, kr. 322 fyrir hverja klukkustund. Ekki er innheimt gjald fyrir 30 mínútna innlit.

### 1.2 Heimahjúkrun

Heimahjúkrun hefur til þessa verið sinnt frá Heilsugæslustöðinni á Sólvangi en með tilkomu nýju heilsugæslustöðvarinnar, Fjarðar, verður heimahjúkrun einnig veitt þaðan. Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslustöðinni á Sólvangi voru árið 2004 farnar 17.888 vitjanir. Heimahjúkrun hefur getað sinnt öllum beiðnum um heimahjúkrun sem þörf er á, virka daga og um helgar en biðlisti hefur verið eftir kvöldþjónustu. Kvöldþjónustan er rekin í samvinnu við Heilsugæslustöðvarnar í Garðabæ og Kópavogi. Helgarþjónustan (morgunvaktir) er rekin í samvinnu við Heilsugæslustöðina í Garðabæ. Engin þjónusta er á vegum heimahjúkrunar á virkum dögum frá kl.16:00-18:30 né um helgar milli kl. 13:00-18:30. Engin næturþjónusta er á vegum heimahjúkrunar eins og er en með tilkomu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá 1. janúar 2006 er í undirbúningi að taka upp næturþjónustu heimahjúkrunar í Hafnarfirði.

### 1.3 Heilsueflandi heimsóknir

Á vegum Heilsugæslustöðvarinnar á Sólvangi voru haustið 2005 hafnar heilsueflandi heimsóknir til einstaklinga 85 ára og eldri. Í heimsóknunum er farið yfir ýmsa þætti, s.s. slysavarnir, mataræði, hreyfingu, andlega líðan, félagsstarf, hvaða þjónusta og

félagsstarf er í boði í bænum o.s.frv. Stefnt er að því að á þessu ári (2006) verði allir 80 ára og eldri heimsóttir ásamt þeim sem heimsóttir voru síðastliðið haust en áætlun miðast við að allir fái heilsueflandi heimsókn tvisvar sinnum á ári. Stefnt er að því í framtíðinni að bjóða heilsueflandi heimsóknir öllum sem eru 75 ára og eldri.

#### **1.4 Mat á húsnaði og breytingar á húsnaði**

Við gerð vistunarmats sem liggja þarf fyrir við umsókn á dvalar- og hjúkrunarheimili er heimili viðkomandi alltaf skoðað og þess getið í vistunarmati ef aðstæður þykja ófullnægjandi (ófullnægjandi salernisaðstaða, þvottahús í kjallara, brattir stigar o.s.frv.). Starfsmenn vistunarmats benda viðkomandi eða ættingjum þeirra jafnframt á mögulegar úrbætur. Árið 2004 var gert vistunarmat fyrir 141 einstakling í Hafnarfirði.

#### **1.5 Félagsstarf í félagsmiðstöðvum**

Hraunsel er stærsta félagsmiðstöð aldraða í Hafnarfirði. Þangað koma daglega yfir 100 manns og nýta sér fjölbreytta dagskrá sem stendur frá kl. 9:00-17:00. Á Hjallabraut 33 og á Höfn er einnig rekið félagsstarf fyrir aldraða. Daglega koma þangað um 25-30 manns á hvorn stað.

#### **1.6 Mötuneyti og heimsendur matur**

Mötuneyti fyrir aldraða eru rekin á Hjallabraut 33 og á Höfn við Sólvangsveg. Hver matarskammtur kostar 500 kr. en 450 kr. í áskrift ef keyptir eru matarmiðar. Um 70-80 manns nýta sér þjónustu mötuneytanna á virkum dögum en þau eru lokuð um helgar. Öldrunarsamtökin Höfn hafa samið við mötuneytið á hjúkrunarheimilinu Sólvangi um að íbúar í Hafnarhúsunum geti keypt sér þar mat á sunnudögum. Árið 2004 fékk 41 heimili heimsendan mat í lengri eða skemmri tíma.

#### **1.7 Almenn dagvist**

Hrafnista rekur 26 dagvistarrými við Skjólvang í Hafnarfirði. 56 einstaklingar nýta þessa þjónustu tvisvar til þrisvar í viku og greiða um 600 kr. fyrir hvern dag í samræmi við reglugerð um daggjöld stofnana sem ekki eru á föstum fjárlögum árið 2006.

#### **1.8 Dagvist fyrir minnissjúka**

Dagvist fyrir minnissjúka hóf starfsemi í byrjun árs 2006 í svokölluðu Drafnarhúsi við Strandgötu 75. Þar er gert ráð fyrir 20 rýmum þegar starfsemin er komin í fullan gang. Hafnarfjarðarbær útvegar húsnaði undir starfseminna, en FAAS-Félag aðstandenda alzheimersjúkra og annarra minnissjúkra sér um reksturinn, sem er með líku sniði og dagvistun heilabilaðra í Fríðuhúsi í Reykjavík.

#### **1.9 Hvíldarinnlagnir**

Árið 2005 veitti heilbrigðisráðuneytið heimild fyrir hvíldarinnlögnum á St. Jósefsspítala og á Sólvangi. St. Jósefsspítali fékk heimild fyrir 6 hvíldarrýmum í þrjá mánuði. Samtals voru þetta 552 legudagar sem nýttust 29 einstaklingum. Í samstarfi heimahjúkrunar og heimaþjónustudeildar fengust til úthlutunar 4 hvíldarrými en tvö hvíldarrými voru á vegum sjúkrahússins. Sólvangur fékk heimild fyrir 8 hvíldarrýmum í 6 vikur og nýttust þau 21 einstaklingi, bæði Hafnfirðingum og Kópavogsbúum.

### 1.10 Iðjuþjálfun

Samkvæmt upplýsingum þjónustuhóps aldraðra stendur öldruðum Hafnfirðingum ekki til boða iðjuþjálfun, hvorki frá heilsugæslu né Félagsþjónustu. Þess má þó geta að heimahjúkrun hefur stundum fengið iðjuþjálfra frá Hjálpartækjamiðstöðinni til að gera heimilisathuganir hjá einstaklingum og veita ráðgjöf.

### 1.11 Sjúkraþjálfun

Í Hafnarfirði eru 11 sjúkraþjálfarar með sjálfstæða starfsemi, allir með aðstöðu í Strandgötu 75. Einnig eru starfandi sjúkraþjálfarar á St. Jósefsspítala, Sólvangi og Hrafnistu.

### 1.12 Akstursþjónusta

Boðið er upp á akstursþjónustu fyrir eldri borgara í félagsstarf samkvæmt þjónustusamningi við Bifreiðastöð Hafnarfjarðar. Fáir hafa nýtt sér þessa þjónustu. Öldruðum sem eiga við hreyfihömlun að stríða býðst akstursþjónusta þurfi þeir að sækja sjúkraþjálfun. Sótt er um þjónustuna til Félagsþjónustunnar en Ferðaþjónusta fatlaðra sér um aksturinn. Árið 2005 ferðuðust að jafnaði 12 eldri borgarar á mánuði með ferðaþjónustu fatlaðra.

### 1.13 Öryggishnappar

Samkvæmt upplýsingum frá Öryggismiðstöð Íslands og Securitas eru 58 Hafnfirðingar 67 ára og eldri með öryggishnapp. Samkvæmt reglum sækir læknir um neyðarhnapp til Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingastofnun greiðir stofnkostnað vegna öryggishnappsins en notandinn greiðir 1.350 kr. á mánuði fyrir þjónustuna.

### 1.14 Íbúðir fyrir aldraða

Öldrunarsamtökin Höfn hafa byggt 68 íbúðir sérstaklega ætlaðar fólki 60 ára eða eldra og eru þær nær allar í einkaeign. Um 100 manns eru á biðlista eftir íbúðum hjá Höfn, þar af um 40-50 sem rekstraraðilar telja í mikilli þörf fyrir slíkt úrræði. Meðalaldur íbúa í íbúðum Hafnar er um 80 ár. Á Álfaskeiði 64 á Hafnarfjarðarbær 30 leiguíbúðir sem eru tengdar við Höfn með öryggiskerfi. Meðalaldur fólks í þessum íbúðum er um 80 ár. Á Hjallabraut 33 eru 59 íbúðir fyrir aldraða. Af þeim á Hafnarfjarðarbær 10 leiguíbúðir sem úthlutað er samkvæmt biðlista frá Félagsþjónustunni. Þá á Hrafnista 64 leiguíbúðir við Hraunvang 1-3. Þess má einnig geta að nú standa yfir framkvæmdir á vegum verktaka við bygginu á fjórða hundrað íbúða sem ætlaðar eru 60 ára og eldri á Langeyramölum og við Flatahraun, en ekki hefur verið skipulögð sérstök þjónusta þar önnur en sú sem stendur öllum öldruðum Hafnfirðingum til boða. Samkvæmt upplýsingum frá Félagsþjónustunni biðu 12 manns 60 ára og eldri eftir því að komast í niðurgreitt leiguhúsnæði í janúar 2006 sem Félagsþjónustan taldi alla í mikilli þörf fyrir slíka aðstoð.

### 1.15 Stofnanir fyrir aldraða í Hafnarfirði

Í Hafnarfirði eru tvær öldrunarstofnanir, Sólvangur (um áramótin 2005/2006 sameinuðust Sólvangur og St. Jósefsspítali í eina stofnun) og Hrafnista. Á Sólvangi eru skráð 85 hjúkrunarrými fyrir aldraða en nú eru 66 þeirra í notkun (samkvæmt upplýsingum 6. febrúar). Ákveðið hefur verið að fækka hjúkrunarrýmum á Sólvangi á næstu misserum og er stefnt að því að þau verði ekki fleiri en 60 í lok árs 2006. Samkvæmt upplýsingum úr vistunarskrá aldraðra eru 92% þeirra sem vistaðir eru á Sólvangi Hafnfirðingar. Á Hrafnistu eru 148 hjúkrunarrými, 81 dvalarrými og 26 dagvistarrými. Um 63% þeirra sem vistaðir eru í hjúkrunarrými á Hrafnistu eru



Hafnfirðingar. Samkvæmt vistunarskrá aldraðra í febrúar 2006 bíða nú 73 Hafnfirðingar eftir vistun í dvalarrými, 13 í þörf, 16 í brýnni þörf og 44 í mjög brýnni þörf. Alls bíða 18 Hafnfirðingar eftir vistun í hjúkrunarrými, 1 metinn í þörf, 6 í brýnni þörf og 11 í mjög brýnni þörf.

## 2 Niðurstöður kannana meðal aldraðra í Hafnarfirði

Í tengslum við störf nefndarinnar voru unnin fjögur afmörkuð rannsóknarverkefni. Í fyrsta lagi gekkst nefndin sjálf fyrir könnunum á högum aldraðra sem bíða samkvæmt vistunarmati aldraðra eftir dvalar- eða hjúkrunarrými, samtals 90 einstaklingum (samkv. vistunarskrá í janúar 2006) og könnun meðal vistmanna á Hrafnistu og á Sólvangi.

Megintilgangur þessara kannana var annars vegar að fá upplýsingar frá öldruðum, í bið eftir stofnanavist, um hvaða þjónustu þeir nytu, hvort þeim fyndist þjónustunni að einhverju leyti áfátt og hvort þeir teldu sjálfir að þeir gætu verið lengur heima ættu þeir kost á aukinni þjónustu. Hins vegar var tilgangurinn að leita upplýsinga hjá öldruðum inni á stofnunum um ástæður þess að þeir vistuðust á öldrunarstofnun og hvort þeir teldu að þeim hefði verið mögulegt að dvelja lengur heima með aukinni þjónustu. Kannanirnar voru unnar af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og landlæknisembættinu í samstarfi við St. Jósefsspítala, Sólvang og Hrafnistu í Hafnarfirði. Í þeim tilvikum þar sem hinir öldruðu gátu ekki svarað spurningum sjálfir var leitað til aðstandenda þeirra. Á Hrafnistu sáu tveir hjúkrunarfræðingar stofnunarinnar um að leggja könnunina fyrir þá heimilismenn sem lentu í úrtaki og á Sólvangi var þessi vinna í höndum djákna og hjúkrunarfræðings. Að gerð könnunarinnar sem gerð var meðal aldraðra í bið eftir hjúkrunarrými vann hjúkrunarfræðingur sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fékk til starfans og naut hann aðstöðu og aðstoðar hjá landlæknisembættinu. Landlæknisembættið veitti jafnframt faglega aðstoð og ráðgjöf við gerð þessara kannana, yfirfór spurningalista, gerði úrtak fyrir könnunina á Sólvangi og Hrafnistu, útbjó gagnagrunn fyrir svörin og sá um úrvinnslu upplýsinganna.<sup>2</sup>

Í öðru lagi gekkst fjölskylduráð Hafnarfjarðar fyrir viðhorfskönnun meðal Hafnfirðinga, 50 ára og eldri og rýnihóparannsókn um mat á stöðu og þörfum eldri borgara í bænum. Í viðhorfskönnuninni var gerð símakönnun á viðhorfum meðal úrtaks 1108 Hafnfirðinga 50 ára og eldri. Fjöldi svarenda var 657 eða 59,3 %. Við skilgreiningu á aldursþópnum var miðað við að líklegt væri að svarendur byggju annað hvort yfir persónulegri reynslu varðandi þjónustu við aldraða eða ættu náinn ættingja sem gerði það. Rýnihóparannsóknin miðaði að því að meta hagi eldri borgara í dag og greina þarfir til framtíðar. Hóparnir voru fjórir. Þátttakendur í fyrsta þópnum voru á aldrinum 50 til 60 ára, í hópi tvö voru þátttakendur á aldrinum 61-71 árs og í þriðja þópnum voru þátttakendur frá 72 til 84 ára. Fjórði hópurinn var skipaður sérfræðingum um málefni aldraðra.

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal 2. Spurningalistar til aldraðra í bið eftir stofnanarými og inni á stofnunum.

## 2.1 Helstu niðurstöður könnunar meðal aldraðra í bið eftir stofnanavist

Nefnd um uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði gekkst fyrir könnun á högum aldraðra sem biðu samkvæmt vistunarmati aldraðra eftir dvalar- eða hjúkrunarrými, samtals 90 einstaklingum samkvæmt vistunarskrá í janúar 2006. Af þessum hópi svöruðu 66 aldraðir könnuninni sjálfir, í 20 tilvikum svöruðu aðstandendur fyrir þeirra hönd og fjóra aldraða náðist ekki í. Í hópnum sem könnunin náði til, alls 86 einstaklingar, voru konur 57 en karlar 29. Af þessum 86 einstaklingum voru 68 í bið eftir dvalarrými en 18 í bið eftir hjúkrunarrými. Spurt var um ýmsa þjónustubætti, hvort viðkomandi nýtti sér þjónustuna eða ekki og hvort hann teldi sig þurfa á meiri þjónustu að halda. Einnig var spurt um helstu ástæður þess að viðkomandi sótti um að flytjast á öldrunarstofnun. Í lokin var spurt hvort viðkomandi teldi sig með góðu móti geta búið áfram heima ef hann nyti meiri þjónustu á einhverjum sviðum og þá hvaða þjónusta það væri.

Svör við spurningunni um hvers vegna viðkomandi sótti um að flytjast á öldrunarstofnun voru eftirfarandi:<sup>3</sup> Skert líkamleg geta (66), öryggisleysi (30), þrýstingur frá aðstandendum (29), skert andleg geta (21) einmanaleiki (11), óhentugt húsnæði (5) og loks fjárhagsástæður (1). 11 einstaklingar svöruðu ekki spurningunni.

Ef dregnar eru saman helstu niðurstöður svara við síðustu spurningunni, þ.e. hvort viðkomandi teldi sig með góðu móti geta búið áfram heima með aukinni þjónustu kemur eftirfarandi í ljós:

Af þeim 83 sem svöruðu þessari spurningu töldu 60 sig geta með góðu móti búið áfram heima ef þeir nyti meiri þjónustu en 23 töldu svo ekki vera. Þeir sem töldu sig geta verið lengur heima voru spurðir hvaða þjónustu eða aðstoð þeir þyrftu til viðbótar af eftirtöldum þáttum: heimilishjálp, heimahjúkrun, heimsending matar, akstursþjónusta, öryggishnappur, dagvistun, hvíldarinnlögn og viðhald eða breytingar á húsnæði (ath! að viðmælendur gátu merkt við öll atriðin). Alls svöruðu 59 þessari spurningu. Áberandi er að langflestir nefna aukna heimilishjálp (50) og aukna heimahjúkrun (37) og þeir þættir sem næstir koma eru öryggishnappur (25), dagvistun (24), akstursþjónusta (21) og heimsending matar (20). Fæstir nefna hvíldarinnlögn (13) og viðhald eða breytingar á húsnæði (3).

Athygli vekur að þegar skoðuð eru svör við spurningum um einstaka þjónustubætti telja flestir sig fá þá þjónustu sem þeir þurfa og í eins miklum mæli og þeir telja þörf á. Þetta kemur ekki fyllilega heim við svör fólks við spurningunni sem greint er frá hér á undan, þ.e. hvort fólk telji að það gæti með góðu móti búið heima ef það nyti meiri þjónustu.

Ef skoðuð eru svör við spurningum um einstaka þjónustubætti kemur m.a. í ljós að af 83 sem svöruðu spurningu um hvort þeir fengju reglubundna heimilishjálp voru 59 sem nutu hennar en 24 voru ekki með heimilishjálp. Af 85 sem svöruðu sömu spurningu um heimahjúkrun voru 50 sem nutu heimahjúkrunar en 35 voru ekki með heimahjúkrun. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að allir þessir einstaklingar eru í bið eftir stofnanavistun.

<sup>3</sup> Athugið að viðmælendur gátu merkt við öll atriðin.

Eins og fram er komið nefndu 30 aldraðir öryggisleysi meðal þeirra þátta sem höfðu valdið mestu um að þeir sóttu um stofnanavistun. Í ljósi þess er athyglisvert að af 85 sem svöruðu spurningu um hvort þeir væru með öryggishnapp reyndust 44 vera með slíkan hnapp en 41 hafði hann ekki. Af þessum 41 sögðust 18 telja að slíkur hnappur myndi auka öryggi þeirra, 17 sögðu svo ekki vera og sex svöruðu ekki spurningunni.

Þegar svör eru greind eftir því hvort viðkomandi eru í bið eftir dvalar- eða hjúkrunarrými sést að þeir sem bíða eftir vistun í hjúkrunarrými njóta meiri heimahjúkrunar en þeir sem bíða eftir vistun í dvalarrými, þ.e. 72,2% þeirra fá heimahjúkrun á mótí 55,2% þeirra sem bíða eftir dvalarrými. Aftur á mótí fá þeir sem bíða eftir vistun í dvalarrými meiri félagslega heimaþjónustu en þeir sem bíða eftir vistun í hjúkrunarrými, eða 74,2% á mótí 58,8% þeirra sem bíða eftir hjúkrunarrými.

Athygli vekur hve hátt hlutfall þeirra sem bíða eftir vistun í hjúkrunarrými telur sig með góðu mótí geta búið heima með meiri þjónustu, eða 61,1% svarenda og að munurinn er ekki afgerandi á þeim og hinum sem bíða eftir dvalarrými þar sem 73,1% telja að þeir gætu verið heima með meiri þjónustu. Hér ber að hafa í huga að 68 voru í bið eftir dvalarrými en 18 í bið eftir hjúkrunarrými. Ef horft er til þeirra þjónustubátta sem svarendur telja að helst þyrfti að auka kemur ekki fram afgerandi munur á svörum þeirra nema hvað fram koma gjörólík svör varðandi hvíldarinnlagnir. Af þeim sem bíða eftir hjúkrunarrými telja 80% hvíldarinnlögn meðal þjónustubátta sem þyrftu að standa til boða í auknum mæli til að þeir gætu búið lengur heima, en aðeins 10,2% þeirra sem bíða eftir dvalarrými merkja við þennan hátt. Hins er meiri áhugi á dagvistun meðal þeirra sem bíða eftir dvalarrými en hjúkrunarrými. 44,9% þeirra sem bíða eftir dvalarrými merkja við þennan þátt á mótí 20% aldraðra í bið eftir hjúkrun.

## 2.2 Helstu niðurstöður könnunar meðal aldraðra á Hrafnistu og Sólvangi

Í könnun sem lögð var fyrir heimilismenn á Hrafnistu og Sólvangi lentu 67 einstaklingar í úrtaki, 26 karlar og 41 kona. Af þessum hópi voru 16 í dvalarrými og 51 í hjúkrunarrými. 38 heimilismanna svöruðu spurningunum sjálfir en aðstandendur svöruðu fyrir hönd 25 þeirra. Þrírildu ekki taka þátt í könnuninni.

Annars vegar var spurt um helstu ástæður þess að viðkomandi fluttist á öldrunarstofnun.<sup>4</sup> 62 einstaklingar svöruðu þessari spurningu og nefndu flestir skerta líkamlega getu (50), næst oftast var nefnt öryggisleysi (31), þá skert andleg geta (19), einmanaleiki (17), þrýstingur frá aðstandendum (4), óhentugt húsnaði (3) og fjárhagsástæður (1). Svarendum gafst kostur á að tilgreina sérstaklega ef þeir töldu aðrar ástæður en framantaldar hafa skipt máli. Margir nefndu veikindi aðstandenda eða maka og að þeir töldu sig ekki geta verið eina. Tveir nefndu að þeir hefðu viljað tryggja sér pláss á öldrunarstofnun.

Hins vegar var spurt hvort viðkomandi teldi að hann hefði með góðu mótí getað búið lengur heima með meiri þjónustu/aðstoð. Af 60 sem svöruðu þessari spurningu töldu 43 að svo væri ekki en 17 töldu svo vera. Þegar þessir 17 voru spurðir um hvaða þjónustubætti væri að ræða, var oftast nefnd heimilishjálp (12), þá heimahjúkrun (9), heimsending matar (4), öryggishnappur (3), hvíldarinnlögn (2), viðhald/breytingar á húsnaði (2), dagvistun (1) og akstursþjónusta (1).

<sup>4</sup> Athugið að viðmælendur gátu merkt við öll atriðin.

Þegar svör vistmanna á Sólvangi og Hrafnistu við spurningunni um hvort þeir teldu að þeir hefðu getað búið lengur heima með þjónustu eru skoðuð þarf ekki að koma á óvart að mun hærra hlutfall fólks í dvalarrýmum telur svo vera, eða 8 af 14 einstaklingum (57,1%).<sup>5</sup> Af aðspurðum í hjúkrunarrýmum á Sólvangi er aðeins einn einstaklingur sem taldi að hann hefði getað verið lengur með meiri þjónustu. Á Hrafnistu voru hins vegar 8 af 25 einstaklingum sem töldu svo vera (32%).

### 2.3 Rýnihóparannsókn

Þátttakendur í rýnihópunum voru almennt ánægðir með að vera fengnir til umræðu um málaflokkinn. Flestir töldu þeir stöðu eldri borgara æði misjafna rétt eins og annarra í þjóðfélaginu. Úrslitum réði heilsufar, félagsleg tengsl og fjárhagsleg staða. Í hópum almennra borgara, einkum fólks á lífeyrisaldri, var ítrekað komið að fjárhagsstöðu eldri borgara og gagnrýnd tekjutenging ellilífeyris og tvísköttun lífeyristekna. Var talsverð reiði gagnvart stefnu stjórnvalda í trygginga- og skattamálum eldri borgara og öryrkja.

Bent var á að viðhorf til eldri borgara byggðust oft á fordómum og hópurinn væri „afskrifadur“ í samfélaginu. Fram kom að lífeyrisþegar ættu a.m.k. að hafa lágmarkslaun og að það væri lítilsvirðing við aldraða á hjúkrunarheimilum að skammta þeim vasapeninga.

Í umræðum um húsnæðismál var mikið rætt hvað væri og hvað þyrfti að vera í boði og talin þörf á fjölbreytilegum húsnæðisúræðum. Langflestir töldu að eldri borgarar ættu að eiga þess kost að búa á eigin heimilum svo lengi sem heilsa þeirra leyfði enda yrði heimaþjónusta og heimahjúkrun eflað enn frekar í því skyni.

Margir eldri borgarar íhuga að minnka við sig eða breyta um húsnæði og eru óskir um húsnæði ólíkar. Sumir vilja vera áfram í almennum íbúðahverfum en aðrir kjósa að búa í þjónustukjörnum í litlum húsum eða íbúðum með þjónustumiðstöð. Voru nefnd dæmi um slíka kjarna á Norðurlöndum og íbúðir og hús í nágrenni Hrafnistu og Sólvangs. Nokkur umræða var um sérhannað húsnæði fyrir eldri borgara og sýndist sitt hverjum. Sumir vildu láta byggja stórar blokkir en aðrir vildu mun meira framboð af litlum hentugum húsum á einni hæð. Bent var á að sérhannað húsnæði fyrir eldri borgara væri iðulega alltof dýrt og mikið rými færi til spillis. Nefnd var þörf fyrir sérstaka fjármálaráðgjöf fyrir fólk sem er að reskjast og vill skipta um húsnæði.

Viðhorf til stofnana fyrir aldraða var nokkuð á einn veg. Langflestir töldu stofnanir aðallega fyrir þá sem hafa misst heilsu. Fram kom það viðhorf að Sólvangur sé löngu orðinn alltof lítill og aðstaða ekki boðleg. Í dag væri ekki hægt að bjóða eldra fólki að deila herbergi með öðrum misveikum einstaklingum. Fram kom sú skoðun að byggja ætti sambýli fyrir aldraða, svipað og fyrir fatlaða, þ.e. litlar einingar fyrir fáa heimilismenn þar sem sérhæft starfsfólk heldur utan um heimilishaldið.

Misjafnt var hve vel fólk þekkti til þeirrar þjónustu sem í boði er fyrir eldri borgara og helst að þeir sem höfðu þurft að nota hana fyrir sig eða sína nánustu sem vissu hvað væri í boði. Nokkrir gerðu ekki greinarmun á heimaþjónustu og heimahjúkrun. Þeir sem til þekktu töldu þjónustuna yfirleitt mjög góða en bentu helst á tvo vankanta, öra skiptingu á starfsfólki og að starfsfólk hefði ekki tíma til að spjalla við viðskiptavini.

<sup>5</sup> Dvalarrými eru öll á Hrafnistu, ekkert dvalarrými er á Sólvangi.

Rætt var um hvort þjónusta við eldri borgara ætti að koma frá ríki, bæ eða einkaaðilum. Flestir töldu best að bæjarfélagið héldi utan um þjónustuna og að allir fengju sömu þjónustu hvaðan sem hún kæmi. Fram kom það viðhorf að vænlegra væri að bæði heimahjúkrun og heimaþjónusta væri í höndum bæjarfélagsins en þá yrði bærinn jafnframt að tryggja fjármuni frá ríkinu tæki hann yfir hjúkrunarþáttinn.

Félagsstarf eldri borgara í Hafnarfirði var talið í miklum blóma og Félag eldri borgara í Hafnarfirði þótti standa sig vel. Þó þyrfti sérstaklega að hvetja einstæðinga til að vera með í félagsstarfi. Rætt var um þörf fyrir eftirlit með einstæðingum en fara þyrfti með gát til að styggja ekki fólk og hafa náð samráð við þá sem hlut eiga að máli.

Síðasta umræðuefnið í hópnum var um framtíðarsýn og þátttakendur beðnir að lýsa draumastöðu eldri borgara í Hafnarfirði á komandi árum. Sérfræðingarnir lýstu eindregnum vilja til að samhæfa félagslega þjónustu og hjúkrun og Hafnarfjörður yrði þannig að fyrirmyndarbæ í þjónustu við aldraða. Einnig kom fram það sjónarmið að bærinn ætti að stýra málaflokkinum. Bent var á að eðlilegt væri að bjóða upp á gjaldfrjálsa heimaþjónustu fyrir þá sem hafa verið metnir í þörf fyrir hjúkrunarrými en ekki fengið pláss. Að auki kom fram að það þyrfti að auka kynningu á þjónustu fyrir eldri borgara og umfram allt að hlusta á sjónarmið þeirra.

#### 2.4 Könnun á viðhorfum

Í viðhorfskönnuninni var spurt hvaða þjónusta væri brýnust og mest þörf fyrir, fyrir eldri borgara í Hafnarfirði og svarendur beðnir að gefa einkunn á bilinu 0-10. Heimaþjónusta fékk hæsta einkunn, (6,4), því næst heimahjúkrun (5), öryggishnappar (3,6), skipulagðar heimsóknir (2,4), akstur (1,1).

Spurt var hvað kæmi helst í veg fyrir að aldraðir gætu búið lengur heima. Hægt var að nefna fleiri en eitt atriði. Tæp 46% nefndu aðgengi að og um húsnæði, rúm 41% sögðu viðhald og endurbætur, þriðjungur nefndi of litla heimaþjónustu og jafn margir nefndu þrif og umsjón með húsnæði og enn annar þriðjungur nefndi viðhald lóðar. Um 28% nefndu of litla heimahjúkrun og tæpur fjórðungur nefndi öryggismál.

Í könnuninni kom fram að 62 % töldu líklegt eða frekar líklegt að þeir eða þeirra nánustu myndu nýta sér aukna heimaþjónustu sem þyrfti að greiða sérstaklega fyrir.

Næstum þrír af hverjum fjórum töldu að það væri of lítið framboð af sérhönnuðu húsnæði fyrir eldri borgara í Hafnarfirði. Þegar þeir voru spurðir hvað vantaði helst upp á virðist niðurstaðan einkum sú að fólk vill fjölbreytni og þarfirnar eru misjafnar.

Spurt var hverju svarendur kviðu mest í ellinni. Langhæsta einkunn fékk heilsumissir (8,8), næst félagsleg einangrun (2,4), fjárskortur (2,2) og öryggisleysi (1,9).

Spurt var hverjum svarendur treystu best til að sjá um þjónustu við eldri borgara. Tæp 70% sögðu sveitarfélagið, rúm 15% nefndu einkaaðila, 8,4% sögðu ríkið, 4% sögðu ríki og sveitarfélagi í sameiningu og 3% sögðu öllum jafnt.

### 3 Umræður og ábendingar

#### 3.1 Þjónusta við aldraða sem búa heima

Meginmarkmið laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 eru að „*aldraðir eigi vöð á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanaþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur.*”

Áherslur nefndar um uppbyggingu heilðrænnar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði taka mið af framangreindum markmiðum laga um málefni aldraðra og markmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar til ársins 2010. Nefndarmenn eru á einu máli um að með öflugri stuðningi við aldraða og betri samhæfingu úrræða félagslega kerfisins og heilbrigðiskerfisins við þennan hóp megi draga frekar úr stofnavistun aldraðra, styrkja þá betur til sjálfstæðis og sjálfræðis og bæta lífsgæði þeirra. Þá telur nefndin að leggja beri ríka áherslu á nærþjónustu þannig að sem stærstur hluti þjónustu, hvort sem er félagsleg þjónusta eða heilbrigðisþjónusta sé fáanleg innan bæjarfélagsins.

Í umræðum innan nefndarinnar og í samtölum við þá fulltrúa þeirra stofnana, samtaka og félaga sem komu á hennar fund, komu ítrekað fram þau sjónarmið að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga eins og hún snýr að málefnum aldraðra skapi ýmis vandamál og togstreitu innan málaflokksins. Fyrirkomulagið krefst víðtæks samráðs og samhæfingar milli kerfa og hætta er á því að þjónusta sé ekki ávallt veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Skörun verkefna og flókið stjórnskipulag gerir einnig hinum öldruðu erfitt fyrir að leita upplýsinga um rétt sinn til þjónustu, hvaða úrræði standa til boða og hvar þau er að fá. Í ljósi þessa leggja nefndarmenn til að komið verði á fót upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöð aldraðra í Hafnarfirði þar sem verður aðgengileg á einum stað fjölbætt þjónusta, upplýsingar og ráðgjöf. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að unnið verði að samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og stefnt að því að rekstur þessarar þjónustu verði undir einni stjórn sem skipulagsleg heild. Í tillögum sínum gerir nefndin ráð fyrir því að stjórnstöð heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu verði til húsa á sama stað og fyrrnefnd upplýsinga- og ráðgjafarmiðstöð aldraðra.

Það reyndist almenn skoðun þeirra mörgu viðmælenda sem nefnd um skipulag öldrunarþjónustu í Hafnarfirði leitaði til, að efla þurfi þjónustu við aldraða í heimahúsum til muna. Með fjölbreyttari úrræðum og aukinni þjónustu og stuðningi megi lengja þann tíma sem aldraðir geta búið heima hjá sér og fresta að sama skapi vistun á stofnun. Þetta er í samræmi við upplýsingar sem fram komu í svari ráðherra við fyrirspurn á Alþingi í nóvember 2005 um heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu á landsvísu en þar kom fram að um helmingur þeirra sem eru á biðlista eftir dvalar- eða hjúkrunarrými gæti verið heima með fullnægjandi stuðningi að mati fulltrúa þjónustuhópa aldraðra.<sup>6</sup>

<sup>6</sup> Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um heimahjúkrun aldraðra. 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 566 — 315. mál. URL: <http://www.althingi.is/altext/132/s/0566.html>

Nefnd um skipulag öldrunarþjónustu í Hafnarfirði telur að sameiginlegt skipulag heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu undir einni stjórn myndi gera þessa þjónustubætti skilvirkari, auka yfirsýn yfir þarfir notendahópsins og bæta aðgengi notendanna að þjónustunni.

Mikilvægt er að aldraðir sem búa heima eigi kost á heimaþjónustu (heimilishjálp og heimahjúkrun) alla daga vikunnar og að næturlagi. Einnig að kostur gefist á heimsendum mat um helgar en ekki aðeins virka daga.

Aðstæður og þarfir aldraðra eru ólíkar og misjafnt hvaða þættir geta skipt sköpum um hvort viðkomandi sé kleift að búa heima eða ekki. Í ljósi þess er mikilvægt að stuðningsúrræði séu fjölbreytt og að látið sé reyna á alla þætti og samspil þeirra þátta sem að gagni geta komið. Öryggishnappar eru meðal einfaldra lausna sem geta aukið möguleika fólks til sjálfstæðrar búsetu. Þessi lausn er ekki mikið notuð í Hafnarfirði og athugunarefni hvort öryggishnappar geti nýst fleirum. Samkvæmt könnun sem nefndin gerði á högum aldraðra í bið eftir dvalar- eða hjúkrunarrými voru 44 aldraðir af 85 á biðlista með öryggishnapp. Af þeim 41 sem ekki var með öryggishnapp töldu 18 að slíkur hnappur myndi auka öryggi þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá þjónustuhópi Hafnarfjarðar er húsnæði aldraðra jafnan skoðað samhliða gerð vistunarmats, þess getið í vistunarmati ef aðstæður þykja ófullnægjandi og bent á ef mögulegt er að gera breytingar til úrbóta. Leggja mætti meiri áherslu á þennan þátt, þ.e. að fagfólk leggi mat á þörf fyrir breytingar og endurbætur á húsnæði og möguleika á notkun hjálpartækja og öryggisbúnaðar sem geta auðveldað fólki að búa áfram á eigin heimili. Slíkt væri í samræmi við Skýrslu stýrihóps um stefnumótun í málefnum aldraðra til ársins 2015 þar sem lagt er til að efnt verði til tilraunaverkefnis af þessu tagi. Skoða þyrfti sérstaklega fjármögnun vegna slíkra framkvæmda og kosti þess að veita styrki til þeirra eða einhverja aðra fyrirgreiðslu, s.s. vegna hönnunar og tæknilegrar útfærslu.

Aðstoð aðstandenda (maka, barna eða annarra ættingja eða vina), samhliða félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun, getur ráðið miklu um það hvort aldraður einstaklingur getur búið áfram á eigin heimili eða ekki. Oft verður mikið álag á aðstandendur vegna þessa, jafnvel um langa hríð. Þegar þannig stendur á er nauðsynlegt að veita aðstandendum og hinum aldraða aukinn stuðning, t.d. með dagvistun og skipulögðum, reglubundnum hvíldarinnlögnum.

Í Hafnarfirði eru tæplega 230 íbúðir sem byggðar hafa verið sérstaklega fyrir aldraða, sérhannaðar og með margvíslegri þjónustu. Auk þeirra eru í byggingu á fjórða hundrað íbúða fyrir eldri borgara en ekki hefur verið skipulögð sérstök þjónusta þar önnur en sú sem stendur öllum öldruðum Hafnfirðingum til boða. Íbúðirnar eru ýmist í einkaeign eða leiguíbúðir á vegum Hafnarfjarðarbæjar eða Hrafnistu. Samkvæmt upplýsingum frá samtökunum Höfn og frá Hafnarfjarðarbæ er mikill áhugi af hálfu aldraðra fyrir húsnæðismöguleikum af þessum toga og eftirspurn meiri en framboð. Það er mat nefndar um uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði að auka þurfi framboð húsnæðis sem sérstaklega er sniðið að þörfum aldraðra. Tryggja þarf fjölbreytta valkosti sem taka mið af ólíkum efnahag með því að bjóða mismunandi eignarform, s.s. eignaríbúðir, leiguíbúðir eða búseturétt.

Mikilvægt er að öldruðum standi til boða fjölbreytt úrræði til að koma í veg fyrir félagslega einangrun þeirra og til að tryggja að þeir geti sem best nýtt sér þau úrræði sem standa til boða. Auk heimahjúkrunar og heimilishjálpar eru akstursþjónusta, heimsending matar, aðstoð við umhirðu húsnæðis og lóðar, s.s. snjómokstur og garðsláttur meðal þátta sem auðvelda öldruðum sjálfstæða búsetu.

Í allri þjónustu við aldraða er mikilvægt að leggja áherslu á mannleg samskipti og samræður með það að markmiði að draga úr einsemd. Æskilegt er að ýta undir og styrkja sjálfbodastarfsemi, s.s. á vegum félagasamtaka eða trúfélaga þar sem aldraðir geta ýmist verið veitendur eða þiggjendur en Rauði krossinn og trúfélög í Hafnarfirði ásamt Félagi eldri borgara hafa verið virk á þessu sviði.

### 3.2 Öldrunarstofnanir

Sólvangur og Hrafnista í Hafnarfirði eru þær öldrunarstofnanir sem Hafnfirðingar reiða sig á. Sólvangur hefur nánast einskorðað inntöku heimilismanna við Hafnfirðinga. Á Hrafnistu er hins vegar tekið jöfnum höndum við öldruðum úr Hafnarfirði og öðrum sveitarfélögum. Af þeim sem vistaðir eru í hjúkrunarrými á Hrafnistu eru um 63% Hafnfirðingar en um 37% koma úr öðrum sveitarfélögum. Ræðst þetta meðal annars af því að nokkur sveitarfélög lögðu fjármuni í byggingu heimilisins.

Vegna þrengsla og ófullnægjandi aðstæðna á Sólvangi hefur þegar verið gripið til aðgerða til að bæta þar úr. Engar innlagnir eru heimilaðar á Sólvang og er stefnt að því að íbúar þar verði ekki fleiri en 60 í lok árs 2006. Til að bregðast við fækkun rýma á Sólvangi þannig að aldraðir Hafnfirðingar í bið eftir vistun í hjúkrunarrými gjaldi ekki fyrir fækkun rýma þar, hefur nefnd um skipulag öldrunarþjónustu í Hafnarfirði átt í viðræðum við stjórnendur Hrafnistu í Hafnarfirði um tímabundnar lausnir, s.s. með breytingu dvalarrýma í hjúkrunarrými og með því að eyrnamerkja Hafnfirðingum þau 5 rými á Vífilsstöðum sem Hrafnista hefur til ráðstöfunar. Einnig hefur verið rætt um að kanna hvort Grindvíkingar séu reiðubúnir að gefa Hafnfirðingum tímabundið eftir samning um forgang að 10 rýmum á Hrafnistu.

Nefnd um uppbyggingu öldrunarþjónustu í Hafnarfirði telur að með því að efla verulega þjónustu við aldraða í heimahúsum megi draga úr eftirspurn eftir dvalar- og hjúkrunarrýmum og bæta lífsgæði aldraðra. Engu að síður er ljóst að huga þarf að fjölgun hjúkrunarrýma í Hafnarfirði þegar horft er til þess að nokkur skortur er á þeim, verið er að fækka hjúkrunarrýmum á Sólvangi samhliða því að hlutfall aldraðra fer hækkandi meðal þjóðarinnar.

Nefndarmenn eru sammála um að það sé skynsamlegt að skipta umræðunni um hjúkrunarrými í tvennt. Annars vegar sé ljóst að það þurfi að bæta aðstæður íbúa á Sólvangi, með því að fækka vistmönnum í fjölbýli. Þessi vinna er komin vel áleiðis í samræmi við ákvörðun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra frá 7. desember 2005. Hins vegar sé mikilvægt að fjölga hjúkrunarrýmum í bænum. Í þessu sambandi má a.m.k. benda á þrjá möguleika og valkosti.

- Fjölgun hjúkrunarrýma með því að stækka Sólvang
- Byggingu hjúkrunarálmu við Hrafnistu
- Byggingu nýs hjúkrunarheimilis annars staðar í bænum

Nefndinni er kunnugt um að til skamms tíma stóð hugur heimamanna til þess að byggt yrði við Sólvang í þessu skyni og jafnframt er henni kunnugt um að Hrafnista í



Hafnarfirði hefur sótt um heimild til að fjölga hjúkrunarrýmum með því að byggja við stofnunina. Gert er ráð fyrir slíkri viðbyggingu í deiliskipulagi fyrir svæðið. Nefndarmenn benda á að nú er 81 dvalarrými á Hrafnistu sem þeir telja að miðað við þróun og eflingu þjónustu við aldraða í heimahúsum mætti breyta í hjúkrunarrými. Með því móti myndi hjúkrunarrýmum í þessum hluta bæjarins fjölga verulega.

Sólvangur sem komið var á fót árið 1953 hefur síðan þá gegnt lykilhlutverki í hjúkrun aldraðra í Hafnarfirði. Þrátt fyrir endurbætur sem gerðar hafa verið á stofnuninni er langt frá því að hún uppfylli kröfur nútímans. Að mati nefndarinnar, m.a. að teknu tilliti til álits sérfræðinga, myndu enn frekari endurbætur á núverandi húsakynnum Sólvangs í því skyni verða mjög kostnaðarsamar og vart framkvæmanlegar miðað við að uppfylla nútímakröfur og skilyrði 2. mgr. 14. gr. laga um málefni aldraðra um hjúkrunarheimili. Af þessum ástæðum telur nefndin skynsamlegt að nýting húsnæðis Sólvangs verði endurskoðuð til framtíðar miðað við breytt hlutverk á sviði öldrunarþjónustu sem m.a. gæti falist í rekstri dagvistar, rúmum til hvíldarinnlagna og skammtímainnlagna aldraðra sem eru að ná sér eftir sjúkrahúsvist, rekstri endurhæfingarrýma og annarrar sérhæfðrar öldrunarþjónustu auk þess að hýsa stjórnstöð félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar og miðlæga upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu um alla öldrunarþjónustu í bæjarfélaginu. Nefndin leggur áherslu á að Sólvangur gegni hér eftir sem hingað til lykilhlutverki í þjónustu við aldraða í Hafnarfirði og verði miðstöð þessarar þjónustu, þótt áherslur í starfsemi breytist.

Hrafnista í Hafnarfirði hefur sótt um heimild til að fjölga hjúkrunarrýmum með því að byggja nýja hjúkrunarálmu við stofnunina.

Nefndarmenn hafa kynnt sér nýja hugmyndafræði að baki stofnanþjónustu við aldraða sem m.a. er verið að innleiða í Danmörku og Hollandi. Samkvæmt henni hefur verið horfið frá uppbyggingu stórra öldrunarstofnana en þess í stað lögð megináhersla á að aldraðir búi við aðstæður sem líkjast sem mest sjálfstæðri búsetu. Skipulag hjúkrunarheimila felst þá í nokkrum litlum einingum með 6-10 einstaklings- og hjónaíbúðum í hverri þeirra. Við staðsetningu húsnæðis er sóst eftir sem bestum tengslum við hefðbundið daglegt líf og nágrenni við nauðsynlega þjónustu. Miðað er við að hjúkrun, umönnun og þjónusta við hina öldruðu sé fyrst og fremst veitt inn í íbúðir þeirra, reynt sé að virkja getu hvers og eins og áhersla lögð á sjálfstæði og sjálfræði einstaklingsins.

Nefndarmenn eru sammála um að setja beri fram tillögur að uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma með hliðsjón af nýrri hugmyndafræði og hverfa frá uppbyggingu stórra hefðbundinna hjúkrunarheimila eins og nú tíðkast. Gera verður ráð fyrir að hvert nýtt hjúkrunarrými nýtist í a.m.k. 20 ár og því er mikilvægt að bygging nýrra rýma taki mið af skýrri framtíðarsýn og metnaði til handa þeim sem á næstu áratugum munu þurfa á þessum úrræðum að halda. Með nýja hugmyndafræði að leiðarljósi leggur nefndin til að uppbygging nýs hjúkrunarheimilis verði fundinn staður þar sem nóg landrymi er fyrir hendi og auðvelt að fella þessa þjónustu að skipulagi svæðisins. Í samþykktu deiliskipulagi á Völlum 1, á mótum Ásbrautar og Akurvalla, eru frátekna lóðir fyrir annars vegar heilsugæslu og hins vegar fyrir hjúkrunarheimili.

### **3.3 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta og stofnanþjónusta fyrir aldraða**

Nefnd um uppbyggingu heildstæðrar öldrunarþjónustu í Hafnarfirði telur að efla beri nærþjónustu við aldraða í Hafnarfirði á sem flestum sviðum og því skuli skoðaðir

möguleikar og kostir þess að byggja upp sérhæfð úrræði í öldrunarþjónustu á stofnunum, meðal annars með því að koma á fót öldrunarlækningadeild á St. Jósefsspítala, Sólvangi í starfstengslum við öldrunarsvið LSH (Landspítala-háskólasjúkrahúss). Rök fyrir uppbyggingu slíkrar þjónustu eru meðal annars þau hve hátt hlutfall þeirra sem þurfa á sjúkrahúsþjónustu að halda eru aldraðir.

Þegar skoðuð er aldursskipting að baki fjölda legudaga á sjúkrahúsum landsins kemur í ljós að fólk 67 ára og eldra nýtir um helming allra legudaga (49,6%) eða samtals 115.888 legudaga af 233.698 árið 2004. Einnig má benda á að hlutur aldraðra í nýtingu legudaga á sjúkrahúsum hefur hækkað ár frá ári og má til samanburðar geta þess að árið 1999 nýttu aldraðir 39,1% allra legudaga á sjúkrahúsum, þ.e. 118.598 af samtals 303.330 legudögum.<sup>7</sup>

Nefndin telur að öldrunarlækningadeild sem sinnir göngudeildarþjónustu samhliða rekstri legudeildar verði til mikils stuðnings fyrir aldraða í heimahúsum. Einnig myndi öldrunarlækningadeild geta eflt og stutt við starfsemi öldrunarstofnana í bæjarfélaginu og nágrannasveitarfélögum þess.

Meðal úrræða sem nefndin telur æskilegt að byggja upp eru rými til hvíldar og endurhæfingar fyrir aldraðra sem þurfa að jafna sig eftir meðferð á sjúkrahúsi. Má ætla að slík þjónusta sé til þess fallin að draga úr líkum á endurinnlögnum og flýti jafnframt fyrir mögulegri útskrift aldraðra af dýrum hátæknideildum.

Stofnun líknardeildar fyrir aldraða í Hafnarfirði er einnig meðal úrræða sem nefndarmenn telja að komið skuli á fót. Samhliða því að veita þar hjúkrun og umönnun öldruðum sem búið hafa heima eða fengið meðferð á sjúkrahúsi og þurfa líknandi meðferð við lok lífs gæti deildin einnig gegnt mikilvægu hlutverki með því að veita starfsfólki öldrunarstofnana stuðning og fræðslu á þessu sviði.

Samkvæmt upplýsingum RAI-mælinga eru um 64% aldraðra á öldrunarstofnunum með heilabilunareinkenni, þ.e. um 24% með Alzheimersjúkdóm og um 40% með aðra minnissjúkdóma. Í ljósi þessa verður að taka mið af þörfum þessa hóps við uppbyggingu öldrunarþjónustu og tryggja honum aðgengi að nauðsynlegri sérfræðiþjónustu við greiningu, meðferð og umönnun.

Nefndarmenn leggja áherslu á að við uppbyggingu og skipulag öldrunarlækninga og sérhæfðrar sjúkrahúsþjónustu við aldraða í Hafnarfirði verði að taka mið af starfsemi LSH á þessu sviði og þeirri getu sem þar er fyrir hendi til að sinna öldrunarlækningum og sérhæfðri öldrunarþjónustu.

---

<sup>7</sup> Heimild: Landlæknisembættið. Athugið að í upplýsingum um fjölda legudaga á sjúkrahúsum eru ekki taldir með dagar þar sem lega sjúklings er umfram 90 daga. Upplýsingar um fjölda legudaga árið 2004 eru bráðabirgðatölur.

## 4. Tillögur að verkefnum til lengri og skemmri tíma til að byggja upp heildstæða öldrunarþjónustu í Hafnarfirði

### 4.1 Aðgerðir vegna fækkunar rýma á Sólvangi

- 4.1.1 Til að koma til móts við fækkun rýma á Sólvangi verði samið við Hrafnistu um tímabundinn forgang Hafnfirðinga að þeim 5 rýmum á Vífilsstöðum sem Hrafnista hefur til ráðstöfunar.
- 4.1.2 Samið verði við Hrafnistu um að breyta 10 dvalarrýmum í hjúkrunarrými.
- 4.1.3 Rætt verði við Grindvíkinga um möguleika á því að þeir gefi Hafnfirðingum tímabundið eftir samning um forgang að 10 hjúkrunarrýmum á Hrafnistu.

### 4.2 Uppbygging þjónustu til að styðja sjálfstæða búsetu aldraðra

- 4.2.1 **Samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu:** Gert verði samkomulag milli heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarbæjar um að vinna að skipulegri samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu með sameiginlegri faglegri stjórn. Samhliða því verði tekið upp RAI-HomeCare.
- 4.2.2 **Heimahjúkrun allan sólarhringinn:** Heimahjúkrun verði tryggð íbúum Hafnarfjarðar allan sólarhringinn alla daga vikunnar eftir þörfum.
- 4.2.3 **Efld þjónusta heilsugæslunnar við aldraða:** Heilsugæslan skoði möguleika þess að efla enn frekar öldrunarþjónustu út frá sínum starfsvettvangi, m.a. með aukinni áherslu á heilsueflandi heimsóknir, reglubundnum heimsóknum heimilislækna til aldraðra sem njóta heimahjúkrunar og með ráðningu iðjuþjálfra.
- 4.2.4 **Gjaldfrjáls félagsleg heimaþjónusta fyrir aldraða í mjög brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými:** Gjaldfrjáls félagsleg heimaþjónusta verði veitt þeim öldruðum sem metnir hafa verið í mjög brýna þörf fyrir hjúkrunarrými samkvæmt vistunarmati og bíða heima eftir vistun á stofnun.
- 4.2.5 **Heimsendur matur alla daga vikunnar:** Heimsendur matur standi öldruðum til boða alla daga vikunnar eftir því sem heimaþjónustudeild metur að þörf sé fyrir.
- 4.2.6 **Akstursþjónusta fyrir aldraða:** Bæjaryfirvöld kanni þörf fyrir akstursþjónustu aldraðra og setji í kjölfarið skýrar reglur um framboð og úthlutun þjónustunnar.

- 4.2.7 Fjölgun þjónustuíbúða fyrir aldraða:** Ýtt verði undir aukið framboð þjónustuíbúða fyrir aldraða með fjölbreyttri þjónustu og nauðsynlegum öryggisþáttum. Fjölbreytni eignarforms verði tryggð með hliðsjón af ólíkum efnahag aldraða s.s. með eignaríbúðum, leiguíbúðum eða búseturéttaríbúðum.
- 4.2.8 Fjölgun félagsmiðstöðva aldraða:** Byggðar verði upp fleiri félagsmiðstöðvar í Hafnarfirði til að bæta aðgengi sem flestra að þjónustu þeirra. Félagsmiðstöðin Hraunsel sem tekin var í notkun árið 2002 hefur reynst vel og gefið tækifæri til eflingar á félagsstarfi eldri borgara. Stefnt verði að því að önnur slík félagsmiðstöð rísi í sunnanverðum bænum t.d. á Völlum þar sem aðgengi verði gott og nálægð við hjúkrunarheimili og heilsugæslu sem þar er áætlað að muni rísa samkvæmt deiliskipulagi.
- 4.2.9 Aðlögun/breytingar á íbúðarhúsnæði aldraða:** Við gerð vistunarmats verði aukin áhersla lögð á framkvæmd húsnæðisúttektar hjá öldruðum með það að markmiði að gera breytingar og endurbætur sem auðvelda öldruðum athafnir daglegs lífs. Til að sinna þessum úttektum verði stofnað teymi fagfólks, t.d. iðjuþjálfra og fólks með tækni- og/eða iðnmenntun. Skoðað verði sérstaklega hvort og hvernig megi koma til móts við aldraða vegna kostnaðar af slíkum breytingum og endurbótum.
- 4.2.10 Sláttur, snjómokstur og áþekk viðvik:** Öldruðum sem ekki geta sinnt verkefnum á borð við garðslátt og snjómokstur, verði boðin slík þjónusta af hálfu Hafnarfjarðarbæjar gegn hóflegu verði, samkvæmt viðmiðum sem bærinn setur sér.
- 4.2.11 Öryggishnappar:** Skoðað verði sérstaklega hvort öryggishnappar geti nýst fleiri öldruðum í Hafnarfirði og sé svo verði gert átak í að auka notkun þeirra. Nefndin telur jafnframt brýnt að endurskoða og rýmka reglur Tryggingastofnunar ríkisins um niðurgreiðslu öryggishnappa þannig að þær nái einnig til þeirra sem búa í sérhönnuðu húsnæði fyrir aldraða og séu ekki aðeins bundnar við þá sem búa einir.
- 4.2.12 Fjölgun dagvistarrýma:** Samhliða auknu framboði á þjónustu við aldraða sem búa heima verði metin þörf fyrir fjölgun almennra dagvistarrýma. Í því samhengi verði skoðaðir möguleikar á því að nýta rými í húsnæði Sólvangs undir dagvistarrými.
- 4.2.13 Samráðshópur um öldrunarþjónustu í Hafnarfirði:** Komið verði á reglubundnu samráði allra þeirra sem koma á einhvern hátt að þjónustu við aldraða í Hafnarfirði.
- 4.2.14 Hvíldarinnlagnir:** St. Jósefsspítali, Sólvangur fái fjögur rúm fyrir hvíldarinnlagnir til ráðstöfunar allt árið um kring. Þessi rúm verði til bráðabirgða í húsnæði St. Jósefsspítala en stefnt að því að þeim verði varanlega fyrir komið í húsnæði Sólvangs.
- 4.2.15 Upplýsinga- og ráðgjafarþjónusta fyrir aldraða:** Komið verði á fót upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða og aðstandendur þeirra þar sem fólk getur komið eða hringt í gjaldfrjálst símanúmer og fengið allar helstu

upplýsingar um þjónustu við aldraða, hvert eigi að leita eftir tiltekinni þjónustu ásamt upplýsingum um réttindamál aldraðra, fjármálaráðgjöf o.sfrv. Við undirbúning upplýsinga- og ráðgjafarþjónustunnar verði náíð samráð milli allra þeirra aðila sem koma að þjónustu við aldraða eða sinna málefnum sem varða hagsmuni aldraðra á einhvern hátt.

### 4.3 Sérhæfð sjúkrahúsþjónusta og stofnanþjónusta fyrir aldraða

**4.3.1 Stofnun öldrunarlækningadeildar:** St. Jósefsspítala, Sólvangi verði falið að kanna grundvöll að því að stofna öldrunarlækningadeild byggða á þverfaglegri teymisvinnu með sérhæfðu starfsfólki á sviði öldrunar. Auk legudeildar verði þar veitt göngudeildarþjónusta. Á deildinni verði sinnt greiningu, mati, endurhæfingu og ráðgjöf. Stefnt skal að nánú samstarfi og jafnvel starfstengslum við öldrunarsvið LSH. Æskilegt er að hlutverk öldrunarlækningadeildar felist einnig í ráðgjöf við öldrunarstofnanir.

**4.3.2 Líknardeild:** Stefnt verði að opnun líknardeildar fyrir aldraða í tengslum við öldrunarlækningadeild St. Jósefsspítala, Sólvangi. Deildin verði sérstaklega ætluð öldruðum sem búið hafa heima eða hafa fengið meðferð á sjúkrahúsi en þurfa líknandi meðferð við lok lífs. Hlutverk deildarinnar væri einnig að veita fræðslu til starfsfólks öldrunarstofnana um líknarmeðferð.

**4.3.3 Deild fyrir Alzheimersjúka og aðra minnissjúka:** Samkvæmt RAI-mælingum á hjúkrunarheimilum eru um 24% aldraðra á stofnunum með Alzheimersjúkdóm og um 40% þeirra með aðra minnissjúkdóma. Í ljósi þessa þarf að huga sérstaklega að þessum hópi þegar kemur að hönnun nýs hjúkrunarheimilis, samanber tillaga 4.5.

**4.3.4 Hvíld og endurhæfing eftir sjúkrahúsvist:** Í tengslum við öldrunarlækningadeild St. Jósefsspítala, Sólvangs verði skilgreind rými ætluð fyrir aldraða sem verið hafa til meðferðar á sjúkrahúsi og þurfa að jafna sig áður en þeir eru færir um að snúa heim til sín.

### 4.4 Miðstöð öldrunarþjónustu í Hafnarfirði

**4.4.1 Framtíðarnýting húsnæðis Sólvangs:** Skoðaðir verði möguleikar þess að nýta í framtíðinni það húsnæði sem nú hýsir hjúkrunarheimili St. Jósefsspítala, Sólvang undir miðstöð öldrunarþjónustu í Hafnarfirði. Ef húsnæðið leyfir væri æskilegt að koma þar fyrir sem flestum þáttum þjónustu við aldraða sem búa heima, s.s. dagvistarrýmum, rýmum til öldrunarlækninga og endurhæfingar, hvíldarrýmum og rýmum fyrir aldraða til að byggja sig upp eftir sjúkrahúsdvöl þar til þeir eru færir um að fara heim og fleiri þáttum sem nefndir hafa verið í tillögum hér að framan, t.d. stjórnstöð heimaþjónustu (heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu). Meðal veigamikilla þátta í starfi miðstöðvar öldrunarþjónustu væri rekstur upplýsinga- og ráðgjafarþjónustu fyrir aldraða sem fjallað er um undir lið 3.2. Einnig væri æskilegt að skoða möguleika á

útleigu húsnæðis undir starfsemi sem styður aðra þjónustu miðstöðvarinnar, s.s. starfsemi iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara og tannlæknis.

#### **4.5 Undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis samkvæmt nýrri hugmyndafræði.**

**4.5.1 Undirbúningur að byggingu nýs hjúkrunarheimilis:** Hafinn verði sem fyrst undirbúningur við skipulag og hönnun nýs hjúkrunarheimilis byggt á nýrri hugmyndafræði sem samræmist betur markmiðum laga um málefni aldraðra. Í stað stórra öldrunarstofnana eins og best þekkjast nú verði byggðar litlar einingar sem hver um sig rúmar 6-10 litlar íbúðir fyrir einstaklinga og sambylissfólk. Þjónusta skal vera hin sama og á hjúkrunarheimilum í dag en áhersla lögð á sjálfstæði og sjálfræði hinna öldruðu, þannig að hver íbúð sé raunverulegt heimili hvers og eins, þjónusta, hjúkrun og aðhlyning sé veitt sem mest inn á heimili viðkomandi og lögð sérstök rækt við að efla sjálfsbjargargetu hins aldraða. Hjúkrunarheimili sem byggt er á þessum forsendum er unnt að byggja í áföngum þar sem hver eining er sjálfstæð og getur rúmað mismunandi úrræði fyrir aldraða, s.s. fyrir heilabilaða og aldraða með geðræn vandamál.

**4.5.2 Staðsetning nýs hjúkrunarheimilis:** Æskilegt er að í nánd við hjúkrunarheimilið sé heilsugæslukjarni og eins þarf að gera ráð fyrir góðu aðgengi að félagsstarfi auk annarrar þjónustu sem fólk þarf á að halda í daglegu lífi. Með nýja hugmyndafræði að leiðarljósi leggur nefndin til að nýju hjúkrunarheimili verði fundinn staður þar sem nóg landrými er fyrir hendi og auðvelt að fella þessa þjónustu að skipulagi svæðisins. Í samþykktu deiliskipulagi á Völlum 1, á mótum Ásbrautar og Akurvalla, eru fráteknað lóðir fyrir annars vegar heilsugæslu og hins vegar fyrir hjúkrunarheimili.

## Fylgiskjal 1

### **Fulltrúar frá eftirtöldum samtökum, félögum og stofnunum áttu fund með nefndinni:**

Félagi eldri borgara í Hafnarfirði  
Félagsþjónustunni í Hafnarfirði  
Fríkirkjusöfnuðinum í Hafnarfirði  
Hafnarfjarðarkirkju  
Höfn – öldrunarmiðstöð  
Heilsugæslunni í Reykjavík  
Heilsugæslustöð Hafnarfjarðar  
Hjúkrunarheimilinu Sólvangi  
Hrafnistu í Hafnarfirði  
Rauða krossi Íslands – Hafnarfjarðardeild  
Securitas  
St. Jósefsspítala

## Fylgiskjal 2

**Könnun á aðstæðum og viðhorfum aldraðra Hafnarfirðinga sem sótt hafa um vist í hjúkrunarrými**

**Kyn:**

Kona  Karl

**Aldur:**

67 – 70 ára

71 – 74 ára

75 – 79 ára

80 – 84 ára

85 – 89 ára

90 – 94 ára

95 – 99 ára

100 – 104 ára

**Færð þú reglubundna heimilishjálp frá Hafnarfjarðarbæ?**

Já  Nei  Vil ekki heimilishjálp

**Ef já, hve oft í mánuði?** \_\_\_\_\_

Í hverju felst sú hjálp?

Þrifum

Innkaupum

Þvottum

Aðstoð við persónulegt hreinlæti

Eldamennsku

Færð þú eins mikla heimilishjálp og þú telur þig þurfa?

Já  Nei

**Ef nei, hvað myndirðu telja hæfilegt að fá margar heimsóknir í mánuði?** \_\_\_\_\_

**Færð þú heimahjúkrun?**

Já  Nei  Vil ekki heimahjúkrun

**Ef já, hve oft í mánuði?** \_\_\_\_\_

Færð þú eins mikla heimahjúkrun og þú telur þig þurfa?

Já  Nei

**Ef nei, hvað myndirðu telja hæfilegt að fá margar heimsóknir í mánuði?** \_\_\_\_\_

Færð þú heimahjúkrun á kvöldin?

Já  Nei

**Ef nei, telur þú þig þurfa að fá heimahjúkrun á kvöldin?**

Já  Nei

Færð þú heimahjúkrun um helgar?

Já  Nei

**Ef nei, telur þú þig þurfa að fá heimahjúkrun um helgar?**

Já  Nei

Færð þú heimahjúkrun að næturlagi?

Já  Nei

**Ef nei, telur þú þig þurfa að fá heimahjúkrun að næturlagi?**

Já  Nei

**Færð þú heimsendan mat?**

Já, alla daga vikunnar

Já, en ekki um helgar

Nei, ég fæ ekki heimsendan mat

**Ef nei, er það þá vegna þess að:**

þú þarft ekki á því að halda

þér er ekki kunnugt um að það standi til boða

**Nýtir þú þér mótuneyti fyrir aldraða?**

Já, alla daga vikunnar

Já, en ekki um helgar

Nei



**Ef nei**, er það þá vegna þess að:  
þú þarft ekki á því að halda   
þér er ekki kunnugt um að það standi til boða

**Ert þú með öryggishnapp?**

Já  Nei

Ef þú ert ekki með öryggishnapp, telur þú að slíkur hnappur myndi auka öryggi þitt heima?

Já  Nei

**Færð þú reglulega heimsóknir og aðstoð heima fyrir frá aðstandendum þínum eða vinum?**

Já  Nei

Ef já, hvað færðu u.þ.b. margar heimsóknir á viku? \_\_\_\_\_

**Tekur þú þátt í félags- og tómstundastarfi fyrir aldraða?**

Já  Nei

**Ef já**, hve oft í mánuði? \_\_\_\_\_

**Ef nei**, er það þá vegna þess að:  
þú þarft ekki á því að halda   
þér er ekki kunnugt um að það standi til boða

**Færð þú akstursþjónustu frá sveitarfélaginu?**

Já  Nei

**Ef já**, hve oft í mánuði? \_\_\_\_\_

**Ef nei**, er það þá vegna þess að:  
þú þarft ekki á henni að halda   
þér er ekki kunnugt um að hún standi til boða

**Hefur þú einhvern tíma nýtt þér hvíldarinnlög, þ.e. tímabundna innlög til hvíldar inni á hjúkrunarheimili eða sjúkrahúsi?**

Já  Nei

**Ef nei**, hvers vegna ekki?  
Stendur ekki til boða   
Tel mig ekki hafa þörf fyrir það   
Vil það ekki

**Nýtir þú þér dagvistun fyrir aldraða?**

Já  Nei

**Ef nei**, hvers vegna ekki?  
Stendur ekki til boða   
Tel mig ekki hafa þörf fyrir það   
Vil það ekki

**Hve vel telur þú húsnæðið sem þú býrð í henta aðstæðum þínum?**

Vel   
Sæmilega   
Illa

Myndir þú gera á því breytingar ef þú fengir til þess aðstoð og fjárstyrk eða lán?

Já  Nei

**Hvernig finnst þér staðið að því að kynna/veita upplýsingar um þá þjónustu sem stendur til boða öldruðum sem búa heima?**

Vel   
Sæmilega   
Illa

**Hverjar eru helstu ástæður þess að þú sóttir um að flytjast inn á hjúkrunarheimili? (Ath! merktu við þau atriði sem þú telur eiga við.)**

Skert líkamleg geta   
Skert andleg geta   
Einmanaleiki   
Öryggisleysi   
Þrýstingur frá aðstandendum   
Óhentugt húsnæði   
Fjárhagsástæður

Aðrar ástæður? \_\_\_\_\_

**Telur þú að þú gætir með góðu móti búið áfram heima ef þú fengir meiri þjónustu og aðstoð?**

Já  Nei

**Ef já**, hvaða þjónustu/aðstoð þyrftir þú til viðbótar því sem þú hefur núna eða í meira mæli en þú hefur nú? (**Ath!** merktu við alla þætti sem þú telur eiga við.)

- |                              |                          |
|------------------------------|--------------------------|
| Heimilishjálp                | <input type="checkbox"/> |
| Heimahjúkrun                 | <input type="checkbox"/> |
| Heimsending matar            | <input type="checkbox"/> |
| Akstursþjónusta              | <input type="checkbox"/> |
| Öryggishnappur               | <input type="checkbox"/> |
| Dagvistun                    | <input type="checkbox"/> |
| Hvíldarinnlögn               | <input type="checkbox"/> |
| Viðhald/breytingar á húsnæði | <input type="checkbox"/> |
-

## Fylgiskjal 3

Könnun á viðhorfum aldraðra heimilismanna á Sólvangi og Hrafnistu í Hafnarfirði – janúar 2006.

### 1. Er viðkomandi einstaklingur í:

1. Dvalarrými  Hjúkrunarrými

### 2. Kyn:

Kona  Karl

### 2. Aldur:

67 – 70 ára   
 71 – 74 ára   
 75 – 79 ára   
 80 – 84 ára   
 85 – 89 ára   
 90 – 94 ára   
 95 – 99 ára   
 100 – 104 ára

### 3. Stofnun:

Hrafnista   
 Sólvangur

### 4. Hver svarar:

Svarar sjálfur   
 Aðstandandi   
 Neitar að svara   
 Ekki næst í viðkomandi

### 5. Hverjar eru helstu ástæður þess að þú sóttir um að flytjast inn á öldrunarstofnun?

#### 5a) Merkið við þau atriði sem við eiga

Skert líkamleg geta   
 Skert andleg geta   
 Einmanaleiki   
 Öryggisleysi   
 Þrýstingur frá aðstandendum   
 Óhentugt húsnæði   
 Fjárhagsástæður

Aðrar ástæður? \_\_\_\_\_

### 6. Telur þú að þú hefðir með góðu móti getað búið áfram heima með meiri þjónustu og aðstoð?

Já  Nei

Ef já, hvaða þjónustu/aðstoð þyrftir þú til viðbótar því sem þú hefur núna eða í meira mæli en þú hefur nú?

#### 5a) Merkið við þau atriði sem við eiga

Heimilishjálp   
 Heimahjúkrun   
 Heimsending matar   
 Akstursþjónusta   
 Öryggishnappur   
 Dagvistun   
 Hvíldarinnlögn   
 Viðhald/breytingar á húsnæði

5b) Önnur þjónusta/aðstoð?

\_\_\_\_\_